

7. maí kl. 20.00-22.30

Fundargerð aðalfundar DKG á Íslandi 2021

Ingibjörg Elsa forseti opnar fundinn og býður fundargesti hjartanlega velkomna. Hún kveikir á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Hún minnir á að þetta er í fyrsta skiptið sem aðalfundur samtakanna fer fram með þessum hætti þ.e.a.s. rafrænt (Zoom).

Ingibjörg Elsa fer yfir aðalfundarstörfin og hvernig fundi verður háttað. Hún ræðir aðeins hvaða möguleikar voru hendi til atkvæðagreiðslu en niðurstaðan var að fundarkonur halda hendi upp fyrir framan myndavélina þar til fundarstjóri segir að hún megi niður fara. Að því loknu tekur Ingibjörg Elsa skjáskot af fundarkonum og fundarstörf hefjast.

- a) Kosning fundarstjóra.** Ingibjörg Elsa leggur til að Jóna Benediktsdóttir, fyrrverandi forseti DKG verði fundarstjóri. Ber undir samþykki. Það er samþykkt samhljóða. Jónína Hauksdóttir spyr aðeins út í þær sem eru ekki með kveikt á myndavélinni.

Fundarstjóri tekur við fundinum. Jóna fer yfir þau atriði sem til þarf til að lýsa fundinn löglegan. Fundurinn var fyrst boðaður í fréttabréfi forseta í febrúar 2021, gögn voru sett inn á vef 7. apríl mánuði fyrir fundardag og tölvupóstur um þetta var sendur til allra félagskvenna. Staðsetningu aðalfundar var breytt 15. apríl með fréttabréfi forseta, sem m.a. var sett á vefinn og þar var líka tilkynnt um hugsanlega seinkun til haustsins á ráðstefnudeginum. Jafnframt var sendur tölvupóstur til allra félagskvenna með sömu upplýsingum, sama dag. Framkvæmdaráð samþykkti þetta fyrirkomulag í tölvupósti í byrjun maí. Jóna tekur sér það leyfi að þessari upptalningu lokinni að lýsa fundinn löglegan.
- b) Kosning tveggja fundarritara.** Fundarstjóri leggur til að Aníta Jónsdóttir og Hildur Hauksdóttir, báðar úr Betadeild, verði fundarritarar. Ber undir samþykkt. Það er samþykkt samhljóða.
- c) Skýrsla stjórnar.** Jóna fundarstjóri kynnir þennan dagskrárlið og biður konur um að vera á mute á meðan Ingibjörg Elsa flytur skýrslu stjórnar.

Ingibjörg Elsa hefur mál sitt með því að ræða fordæmalaus tíma í starfi DKG sem og öllu starfi mennta- og fræðslukerfisins. Áskoranir sem þessu fylgdu áttu að vera til umfjöllunar á þinginu sem hefur síðan verið frestað til hausts. Ingibjörg Elsa telur upp stjórnarmeðlimi og greinir frá því að 19 fundir hafi verið haldnir sl. tvö ár. Eins og gefur að skilja hafa flestir fundir verið rafrænir. Fundargerðir

Þessara funda má finna á www.dkg.is Ingibjörg Elsa fer aðeins yfir starf framkvæmdaráðs. Fundur framkvæmdaráðs var haldinn rafrænt og í raunheimum 3. október. Þar var farið yfir flesta þætti samtakanna. Brugðist var við faraldrinum í DKG á þann hátt að kaupa áskrift af Zoom og halda fundi eftir bestu getu rafrænt.

Þá gerir Ingibjörg Elsa 10 ára áætlunina að umfjöllunarefni sínu. Framkvæmdaráð samþykkti að setja langtímaáætlun á dagskrá. Efni fyrir formenn hefur verið uppfært og má finna á vefsíðu samtakanna. Varðandi nefndarstörfin þá voru reglur um námsstyrki endurskoðaðar. Félagatal var uppfært og farið yfir greiðslur félagskvenna. IP númer félagskvenna eru nú komin í félagatalið, þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir konur þegar kemur að alþjóðasamstarfi. Handbók fyrir formenn hefur líka verið endurskoðuð og er á vefnum. Ný deild er í burðarliðnum á Höfn í Hornafirði. Í laganefnd voru gerðar nokkrar breytingar sem verða lagðar fyrir fundinn síðar í kvöld. Laganefnd skoðaði líka framkvæmdaáætlun og gerði ekki athugasemdir, laganefnd taldi nægilegt að framkvæmdaráð samþykkti langtímaáætlun og var það gert á vormánuðum. Útgáfa fréttabréfs hélt áfram. Ingibjörg Elsa minnir á mikilvægi samstarfi milli deilda sem og alþjóðlegt samstarf. Félagskonur eru nú 339 og fáar konur hafa helst úr lestinni sérstaklega miðað við ástandið undanfarið. Nú ættu myndir að fylgja félagatalinu sem og IP númerin. Mikilvægt er að uppfæra félagatalið reglulega. Skýrslur nefnda og deilda eru komnar að mestu leyti.

Deildir eru kjarninn í samtökunum og í þeim þarf að vera öflugt starf. Ingibjörg Elsa hrósar deildum fyrir afbragðs fundi sem fóru fram rafrænt og hún sótti. Hún þakkar stjórn, nefndum og deildum fyrir samstarf og þeirra framlag sl. tvö ár. Fundarstjóri, Jóna, tekur við og gefur orðið laust.

Sjöfn þakkar fráfaraðandi forseta, Ingibjörgu Elsu, frábært starf á mjög erfiðum tímum. Hún hrósar henni fyrir elju ekki síst í alþjóðasamstarfi. Hún minnst á að hún hefur verið félagskona í 43 ár og minnst þess að hafa hringt t.d. í alla landssambandsforseta fyrir tíma netsins. Hún minnir líka á vináttu og hlýju sem eru svo ríkjandi í þessum samtökum.

Sigrún Klara tekur undir orð Sjafnar og minnir enn á mikilvægi alþjóðasamstarfs og að vera í sambandi. Sérstaklega minnst Sigrún Klara á endurskoðun handbóka og laga. Henni þykir Ingibjörg Elsa eiga geislabaug skilið.

Ingibjörg Jónasar tekur undir þetta og þakkar IE og hennar stjórn.

Sigríður Ragna tekur undir og minnst sérstaklega á endurskoðun handbókanna. Jóna fundarstjóri ber skýrsluna upp til samþykktar. Hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

- d) Reikningar lagðir fram.** Jóna kynnir næsta dagskrárlið, reikningar bornir upp til útskýringa og samþykktar. Jensína tekur við keflinu og útskýrir reikninga. Stjórn

ákvað að loka bókahaldinu 31.03.2021. Reikningar sem hér eru lagðir fram eru frá 01.03.2019 til 31.03.2021.

Rekstrartekjur eru rúmar 7 milljónir. Rekstrargjöldin voru rúmar 6 milljónir þar af voru 3.5 milljónir félagsgjöld til alþjóðasamtakanna. Veittir voru tveir námsstyrkir og svo var Vigdísarstofnun veittur styrkur. Hagnaður ársins var rétt rúmar 800 þúsund krónur.

Í efnahagsreikningi kemur fram að samtökin eiga á reikningum sínum (eigið fé) rétt tæplega 6.5 milljónir. Stjórnin samþykkti að loka gjaldeyrisreikningi og sem og reikningum sem við áttum í Landsbankanum. Allt flutt í Íslandsbanka.

Fundarstjóri gefur orðið laust um reikninga.

Sjöfn þakkar Jensínu fyrir og lýsir því yfir að samtökin séu rík.

Sveindís tekur undir að þetta er stöndugt félag. Hún spyr hvort ekki væri hægt að eignfæra þessa inneign frá AirlcelandConnect? Jensína segir það alveg hugsanlegt. Hún bætir við að endurskoðunarmenn reikninga hafa staðfest reikninga.

Fundarstjóri ber reikninga upp til samþykktar og spyr hvort einhver sé á móti.

Engin viðbröð og þar á eftir eru reikningar samþykktir samhljóða.

e) Árgjald. Jóna fundarstjóri gefur Ingibjörgu Elsu orðið. Tillaga stjórnar er að árgjald verði óbreytt næsta tímabil kr. 10.000.- Fundarstjóri segir orðið laust um árgjaldið og ber það síðan upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

f) Fjárhagsáætlun. Jóna gefur Jensínu orðið undir liðnum fjárhagsáætlun. Jensína leggur fram fjárhagsáætlun og útskýrir hana. Rekstraráætlun 2021-2023 er lögð hér fram. Hvorki er gert ráð fyrir hagnaði eða tapi. Fundurstjóri tekur við segir orðið laust.

Sigrún Klara spyr um áframhaldandi áskrift á Zoom. Henni þykir það skipta heilmiklu máli að hafa þennan möguleika.

Renata spyr hvort ekki er hægt að skoða að þær konur sem hafa aðgang að Zoom t.d. í tengslum við vinnu geti nýtt það fyrir félagskonur í stað þess að samtökin greiði áskrift.

Ingibjörg Elsa segir marga fundi fara í gegnum áskriftir félagskvenna eða vinnustaði þeirra, en ítrekar mikilvægi þess að allar deildir hafi þennan möguleika og helst í heilt ár í viðbót.

Helga Thorlacius telur þetta ómetanlegt í alþjóðasamstarfinu og hvetur stjórn til að halda áskrift á Zoom.

Ingibjörg Jónasar tekur undir þetta og segir mikilvægt að landssambandið hafi einn aðgang sem það ræður yfir.

Jónína Hauksdóttir mælir með að treysta ekki á aðgang félagsmanna, samtök af okkar stærðargráðu hafi sér aðgang.

Fundarstjóri ber áætlunina upp til samþykktar. Allar samþykkja.

- g) Kosningar.** Jóna fundarstjóri gefur Guðbjörgu M. Sveinsdóttur formanni uppstillingarnefndar orðið. Hún segir frá starfi nefndarinnar 2019-2021 og kynnir sig og uppstillingarnefndina. Hún les upp tilnefningar uppstillingarnefndar.

Landssambandsstjórn:

Guðrún Edda Bentsdóttir, Kappadeild, forseti

Aníta Jónsdóttir, Betadeild, 1. varaforseti

Guðný Helgadóttir, Gammadeild, 2. varaforseti

Elísabet Jóhannesdóttir, Deltadeild, meðstjórnandi

Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir, Nudeild, ritari

Þar næst les hún tilnefningar í næstu uppstillingarnefnd:

Jóna Benediktsdóttir, lotadeild, formaður

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, Alfadeild

Björk Einisdóttir, Gammadeild

Og þá er lesin upp tillaga að skoðunarmönnum reikninga:

Renata Emilsson Peskova, Gammadeild

Þórunn Reykdal, Deltadeild

- h) Kosning landssambandsforseta:** Jóna fundarstjóri tekur við og kynnir kosningar til landssambandsforseta. Hún ber upp tilnefningu til landssambandsforseta en spyr um aðrar tillögur. Engar tillögur berast. Guðrún Edda Bentsdóttir er því kjörin forseti.
- i) Kosning annarra stjórnarmanna landssambands.** Þá er það kosning annarra stjórnarmanna til landssambandsins. Jóna les upp nöfn þeirra sem eru tilnefndir. Óskar eftir fleiri tillögum. Engar tillögur berast. Jóna ber upp tillögu uppstillingarnefndar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum fundarkvenna.
- j) Kosning uppstillingarnefndar.** Þá er það tillaga uppstillingarnefndar um uppstillingarnefnd. Jóna spyr um fleiri tillögur. Engar fleiri tillögur. Ber þá upp tilnefningu uppstillingarnefndar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

k) **Kosning skoðunarmanna reikninga.** Tillaga uppstillingarnefndar um skoðunarmenn reikninga borin upp. Jóna spyr um fleiri tillögur. Engar koma fram. Þá ber hún upp tillögu uppstillingarnefndar. Samþykkt með öllum atkvæðum.

l) **Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar.** Fundarstjóri gefur Sigrúnu Klöru orðið. Formaður laganefndar Sigrún Klara Hannesdóttir fer yfir breytingar á lögum og reglugerð. Sigrún Klara fer aðeins yfir nefndarmenn. Hún greinir frá talsverðu umróti sem hefur verið vegna lagabreytinga í alþjóðasambandinu. Hún gerir grein fyrir þremur breytingum. Samþykkt að inn í samtökin mættu koma konur sem ekki hafa lokið kennaramenntun. Möguleiki á nýjum flokki, konur í menntatengdu námi. Collegiate members. Aukaaðild meðan þær eru í námi og svo fullgildir meðlimir þegar prófi er lokið. Það er erfitt að fá konur inn í samtökin, þetta var aðferð til að breikka félagsgrunninn og fá konur inn sem stefndu að þessu starfi en væru enn í námi.

Breytingar á dagsetningum eru þegar komnar fram í skýrslu gjaldkera. Þetta snýr að innheimtu félagsgjalda sem er nú 30. júní í stað október.

Breyting á meðferð námsstyrkjasjóðs. Einn dalur sem fer í námsstyrkjasjóð verður nú eftir í hverju landi, fer ekki lengur til alþjóðasamtakanna.

Ein breyting var afturkölluð, sú að konur gætu nú sótt að aðild að samtökunum. Þessi tillaga var dregin til baka þó eftir að hún var komin inn í lögina okkar. En það varð að draga hana aftur til baka.

Orðalagsbreyting, nú er ný þýðing komin á sýn DKG. ***Forystukonur í fræðslustörfum til áhrifa á menntun um allan heim.***

IE tekur við og bregður upp lögnum (word-skjal) og rennir yfir breytingarnar. Jóna fundarstjóri tekur aftur við og gefur orðið laust. Enginn óskar eftir að taka til máls. Hún ber upp nýja grein í lögum (2. gr. A), sem er ný þýðing á sýn. Greinin verði: **Forystukonur í fræðslustörfum til áhrifa á menntun um allan heim. Sýnin var orðuð svona:** Forystukonur í fræðslustörfum sem geta haft áhrif á menntun um víða veröld (þýðing á: Leading Women Educators Impacting Education Worldwide). Breytingin er samþykkt samhljóða. Næst ber Jóna fundarstjóri hinar lagabreytingarnar upp og þær eru allar samþykktar samhljóða. Jóna biður Ingibjörgu Elsu um að renna í gegn reglugerðarbreytingum. Sjöfn grípur orðið og segir óþarfi að renna aftur yfir reglugerðarbreytingarnar. Ingibjörg Elsa fer engu að síður yfir þær og staldrar við breytingar. Jóna fundarstjóri tekur aftur við og gefur orðið laust um þessar tillögur. Engin kona óskar eftir að taka til máls. Jóna ber allar reglugerðarbreytingar upp í einu. Þær eru samþykktar samhljóða.

m) **Ályktanir og tillögur.** Jóna fundarstjóri skýrir frá ályktunum og tillögum sem bárust til landssambandsþings með a.m.k. mánaðar fyrirvara en engar tillögur eða ályktanir hafa borist. Þessi liður tekinn af dagskrá.

n) Önnur mál.

- a. **Úthlutun úr námsstyrkjasjóði.** Fundarstjóri gefur Steinunni formanni námsstyrkjanevndar orðið. Steinunn gerir grein fyrir niðurstöðu námsstyrkjanevndar: Leggur til að tveir umsækjendur hljóti styrk til tveggja áhugaverðra verkefna annar í meistaranámi og hinn í doktorsnámi: Meistaraprófsverkefnið byggir á því að þróað verði nýtt greiningartæki/próf sem metur málþroska barna á aldinum 6-10 ára. Meistaranevinninn er í þverfræðilegu námi í talmeinafræði og býr yfir skýrri sýn á rannsóknina og framkvæmd hennar. Umsóknin er vönduð, skýr og skorinort og meistaranevinninn sér fyrir sér að nýta styrkinn við öflun rannsóknagagna sumar 2021. Þörfin fyrir nýtt greiningartæki virðist mjög brýn og ánægjulegt að geta látið það verða að veruleika með því að styrkja verkefnið.

Doktorsverkefnið er rannsókn þar sem kannað er samspil tungumálaforða fjöltyngdra nemenda og skólareynslu þeirra. Leitað er svara við því hvað fjöltyngdir nemendur sögðu um notkun tungumálaforða síns og hvernig þeir lýstu skólareynslu sinni. Rannsóknin er eigindleg, hún sýnir mikilvægi allra tundumála fyrir nemendur og þörfina á að bera kennsl á viðeigandi kennslufræði til aðlaga tungumálastefnur í skólum. Þetta verkefni er á lokametrunum, styrkurinn mun engu að síður gagnast doktorsnemanum við að greiða úr athugasemdum nefndar og andmælenda ásamt því að undirbúa doktorsvörnina. Tungumálasjálfsmynd nemenda er til að mynda mjög spennandi hugtak sem verður fróðlegt að fylgjast með í framtíðinni.

Nefndarkonur mæla eindregið með að báðir umsækjendur hljóti styrk. Það var samþykkt af stjórn landssambandsins. Ingibjörg Elsa tekur við og greinir frá styrkþegum ársins og hvernig greiðsla námsstyrks fari fram. Renata Emilsson Peskova í Gammadeild fyrir Skólareynsla fjöltyngdra nemenda: Fjölvirknisrannsókn frá Íslandi og Margrét Guðmundsdóttir í Epsilon deild fyrir Nýtt málþroskapróf fyrir 6-10 ára. Þær hljóta báðar kr. 200.000 í styrk. Ingibjörg Elsa útskýrir að styrkþegar þurfi að gefa upp reikningsnúmer til Jensínu Valdimarsdóttur gjaldkera, í netfang gvjv@simnet.is. Jóna fundarstjóri tekur við keflinu og óskar styrkþegum til hamingju. Margrét Guðmundsdóttir styrkþegi biður um orðið og flytur samtökunum þakkið sínar. Renata óskar líka eftir að fá orðið og flytur samtökunum þakkið sínar. Fundarstjóri tekur aftur við og kynnir næsta mál undir liðnum önnur mál.

- b. **Framhald landssambandsþings.** Ingibjörg Elsa skýrir frá því að búið er að festa hótelið 4. september á Ljósanótt í Reykjanesbæ. Sama dagskrá að mestu leyti. Framkvæmdaráðsfundur verður á undan. Hún vekur líka athygli á hversu mikill mannauður er í samtökunum og bendir á nýja styrkþega í þessu sambandi.
- c. **Ávarp nýs landssambandsforseta.** Fundarstjóri tekur við og gefur nýjum landssambandsforseta orðið. Guðrún Edda Bentsdóttir flytur Ingibjörgu Elsu þakkir sínar og þakkar traust félagskvenna. Hún hlakkar til að vinna með nýrri stjórn og segir örlítið frá sjálfri sér. Hún er menntaður leik- og grunnskólakennari. Hún starfar nú sem verkefnisstjóri á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Hún lauk meistaraþrófi frá KHÍ 2007 og gekk í samtökin sama ár. Hún hefur starfað í útbreiðslunefndinni í eitt kjörtímabil og svo var hún formaður Kappa-deildar eitt kjörtímabil og svo í landssambandsstjórninni sl. kjörtímabil. Jóna fundarstjóri tekur við og þakkar Guðrúnu Eddu fyrir. Hún gefur orðið laust. Engin óskar eftir að taka til máls. Jóna skilar fundarstjórn og gefur Ingibjörg Elsu orðið.

Ingibjörg Elsa óskar nýrri stjórn til hamingju og útskýrir að við fögnum stjórnarskiptunum með bravör á landssambandsþinginu í september. Hún þakkar þátttöku kvenna á þessum fundi og þá sérstaklega fundarstjóra fyrir röggsama stjórn á fundinum. Ingibjörg Elsa slítur fundi.

Athugasemd fundarritara.

Fundinn sátu 40 félagskonur og úr öllum deildum.

Aníta Jónsdóttir, Beta-deild

Hildur Hauksdóttir, Beta-deild